



DAGURINN HJÁ LILJU OG LÁRUSI

Markmið:

Að nemendur þjálfist í framburði og skilningi með hlustun. Að nemendur festi í minni mismunandi orðaröð og þjálfist algengar sagnir í nútíð.


Þetta verkefni hentar vel með kafla 3 „Dagurinn minn“ í *Íslenska fyrir alla 2* eftir að nemendur hafa lesið textana um Lárus og Lilju og æft orðaröð og sagnir.

Aðferð:

- ▶ Tveir nemendur vinna saman.
- ▶ Nemandi A fær textann um Lilju.
- ▶ Nemandi B fær myndasöguna um Lilju á spjöldum (ekki í réttri röð).
- ▶ Nemandi A les textann um daginn hjá Lilju á meðan nemandi B raðar spjöldunum í rétta röð eftir textanum.
- ▶ **Markmið leiksins er að myndunum sé raðað í sömu röð og textinn.**
- ▶ Þegar öllum spjöldunum hefur verið raðað athuga nemendurnir saman hvort sagan sé í réttri röð.
- ▶ Þeir geta síðan endursagt söguna út frá myndunum án þess að skoða textann.
- ▶ Síðan skipta þeir um hlutverk. Nemandi A fær myndasöguna um Lárus á spjöldum og nemandi B les textann um daginn hjá Lárusi á meðan nemandi A raðar sögunni í rétta röð.

Dagurinn hjá Lilju

Lilja er sjúkraliði. Hún vinnur oft á næturvöktum. Þegar hún vinnur á nóttunni vaknar hún klukkan þrjú á daginn. Fyrst fer hún í sturtu, borðar hádegismat og drekkur kaffi til að vakna! Svo tekur hún til í eldhúsinu og setur í þvottavél. Síðan sækir hún börnin sín í skólann. Hún fer í leiðinni í búð og kaupir inn. Þegar þau koma heim hjálpar hún börnunum að læra heima. Því næst borðar hún kvöldmatinn. Þegar börnin eru sofnuð, horfir hún á sjónvarpið með manninum sínum. Stundum skoðar hún eitthvað á netinu, þrjónar eða les bók. Þá er kominn tími til að fara í vinnuna. Lilja keyrir í vinnuna. Hún byrjar að vinna klukkan hálf tólf um kvöldið. Hún er búin að vinna klukkan hálf átta um morguninn. Hún kemur heim úr vinnunni um áttaleytið. Hún hittir fjölskylduna í smástund á morgnana. Maðurinn hennar fer með krakkana í skólann og Lilja fer að sofa þegar hún er búin að lesa blaðið og bursta tennurnar.



Dagurinn hjá Lárusi

Vekjaraklukkan hans Lárusar hringir klukkan sjö. Hann snýr sér á hina hliðina og heldur áfram að sofa af því að hann er þreyttur. Stundum hendir hann klukkunni í vegginn af því að hann er svo morgunfúll. Hann vaknar of seint, flýtir sér inn á baðherbergi og þvær sér og burstar tennurnar. Hann hefur ekki tíma til að fara í sturtu. Hann hleypur niður stigann. Hann kveikir á útvarpinu og hlustar á tónlist. Hann hefur ekki tíma til að borða en drekkur einn kaffibolla. Hann fer út og hleypur í strætó. Hann kemur í skólann klukkan átta. Hann er búinn í skólanum klukkan tvö og fer á bókasafnið til að læra. Stundum sofnar hann yfir bókunum og lærir ekki neitt! Hann kemur heim milli fimm og sex. Mamma hans hringir oft í hann og býður honum í mat en hann vill bara skyndibita í kvöldmatinn. Eftir kvöldmat horfir hann stundum á sjónvarpið. Oft fer hann út með vinum sínum, í bíó eða á bar. Hann kemur seint heim, stundum ekki fyrr en klukkan tvö eða þrjú. Þá fer hann beint í rúmið og steinsofnar.

